

Samtök um kvennaathvarf

Ársskýrsla 2014



SAMTÖK UM KVENNAATHVARF

Pósthólf 1486 • 121 Reykjavík • Sími: 561 3720

kvennaathvarf@kvennaathvarf.is • www.kvennaathvarf.is

EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA STJÓRNAR	3
UM OFBELDI	5
ÚR ATHVARFINU	7
Komutölur	7
Barnastarf	20
ÚR BARÁTTUNNI	21
REKSTUR SAMTAKA UM KVENNAATHVARF	25

Aðalfundur Samtaka um kvennaathvarf og Sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins var haldinn á Hallveigarstöðum í Reykjavík miðvikudaginn 28. maí 2014. Kosið var um þrjú sæti í stjórn samtakanna. Birna Þórarinsdóttir og Edda Ólafsdóttir voru endurkjörnar. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, fráfarandi formaður, gaf ekki kost á sér til frekari stjórnarsetu. Að fenginni tillögu frá uppstillingarnefnd gaf Elín Jónsdóttir kost á sér, engar aðrar tillögur bárust og var Elín því sjálfkjörin í þriðja stjórnarsætið. Jóna Sólveig Elínardóttir og Barbara Kristvinsson voru endurkjörnar sem varamenn. Eftir hefðbundin aðalfundarstörf kynnti Valgerður S. Kristjánsdóttir meistaraverkefni sitt í félagsfræði um reynslu kvenna af því að slíta ofbeldissambandi. Margt áhugavert kom þar fram og spunnust nokkrar umræður um málefnið.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund. Birna Þórarinsdóttir var kjörin formaður stjórnar, Elva Dögg Ásu- og Kristinsdóttir varaformaður, Edda Ólafsdóttir gjaldkeri og Fríða Bragadóttir ritari. Stjórnin hittist að jafnaði mánaðarlega og fundaði alls 11 sinnum milli aðalfunda. Konur í varastjórn sátu stjórnarfundi eftir getu, venju samkvæmt.

Í lok sumars 2014 áttu starfskonur og

stjórnarkonur ánægjulegan samráðsfund til að stilla saman strengi og ræða starfsemi athvarfsins, styrkleika og áskoranir, framtíðarsýn, fjármál og rekstur. Fundurinn var haldinn á Hotel Reykjavík Natura þar sem snæddur var sameiginlegur hádegisverður í lok fundar. Samþykkt var að halda slíka fundi reglulega og er stefnt að næsta fundi í haustbyrjun 2015.

Á liðnum vetri þurfti að ganga frá nýjum innanhússamningi við starfskonur en þær höfðu verið á bráðabirgðasamningum um nokkurt skeið. Stjórnin átti aðkomu að því máli með stuðningi og ráðgjöf til framkvæmdateymis og starfskvenna. Nýr samningur var undirritaður í lok nóvember 2014.

Í október byrjun bárust þær gleðilegu fregnir að Jón Gnarr hefði ákveðið að veita Samtökum um kvennaathvarf sex milljón króna styrk þann er hann hlaut við viðtöku friðarverðlauna Yoko Uno. Styrknum verður varið í málefna- og starfsathvarfsins, þ.m.t. fræðslu, forvarnir og barnastarf.

Stuttu síðar var fjáröflunarverkefninu "Vinir Kvennaathvarfsins" hleypt af stökkunum en undirbúningur hafði staðið yfir um allnokkurt skeið. Hringt er í einstaklinga og þeim boðið að gerast reglulegir styrktaraðilar. Verkefnið fór vel





af stað og söfnuðust ríflega 500 styrktaraðilar á fyrstu sex mánuðum átaksins. Ljóst er að hér er skotið mikilvægri stoð undir fjárhag athvarfsins. Úthringingar og umsýsla eru í höndum Símsstöðvarinnar.

Í árslok undirrituðu framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf og félagsmálaráðherra samning um hlutverk Kvennaathvarfsins sem neyðarathvarf fyrir kvenkyns þolendur mansals. Um tilraunaverkefni er að ræða.

Stjórnin hóf árið 2015 af krafti. Haldinn var sérstakur vinnufundur stjórnar í janúar þar sem farið var heildstætt yfir núverandi regluverk og starfshætti. Stjórnin setti sér starfsáætlun fyrir árið 2015 og hófst handa við að skrifa starfsreglur stjórnar og endurskoða lög samtakanna. Starfsreglur stjórnar voru samþykktar á fundi 21. apríl 2015. Tillögur til lagabreytinga voru sömuleiðis samþykktar af stjórn apríl og verða lagðar fyrir aðalfund í maí. Stefnnt er að því að hefja stefnumótunarvinnu fyrir athvarfið haustið 2015. Það er von stjórnar að þessi vinna skili skýrari og gagnsærri ferlum í starfi stjórnar og samstarfi hennar við framkvæmdateymi og starfskonur athvarfsins og efla enn betur það einstaka og ómetanlega starf sem unnið er í húsinu.

Loks er rétt að fara nokkrum orðum

um bættar horfur reksturs Samtaka um kvennaathvarf. Árin eftir hrun reyndust athvarfinu erfið. Fjárframlög frá ríki og sveitarfélögum stóðu ekki undir rekstri þrátt fyrir mikla útsjónarsemi og aðhald. Þá fylgdi töluverður kostnaður flutningum í nýtt hús. Gengið var á sjóði félagsins og tvísýnt um óbreyttan rekstur þegar verst var. Nú horfir til betri tíma. Með nýjum samningi við velferðarráðuneytið hefur fjárhagur verið réttur af; rekstur er öruggur og styrk- og söfnunarfé er til reiðu fyrir langþráð málefnnastarf. Þessi árangur hefði ekki getað náðst ef ekki væri fyrir stöðugan metnað, ástríðu og þrotlausu vinnu starfskvenna og framkvæmdateymis Kvennaathvarfsins í samspili við dýrmæt framlög velunnara athvarfsins, stórra sem smárra.

Á liðnu ári hefur mikið starf verið unnið til að styrkja stoðir athvarfsins, faglegar jafnt sem fjárhagslegar, til að veita þeim konum sem þangað leita bestu mögulegu þjónustu. Óskandi væri að ekki væri þörf á kvennaathvarfi í samfélagi okkar en á meðan svo er standa Samtök um kvennaathvarf vaktina með hagsmunum, heill og trúnað þolenda ofbeldis að leiðarljósi.

Birna Þórarinsdóttir, formaður.

Ofbeldi í nánnum samböndum

Undir hugtakið fellur líkamlegt, sálrænt og kynferðislegt ofbeldi auk ýmis konar hegðunar sem felur í sér stjórnun og þvinganir. Sérstaða ofbeldis í nánnum samböndum felst í því að ofbeldismaður og brotþoli tengjast nánnum böndum sem gerir ofbeldið enn sársaukafyllra en ella auk þess að gera brotþola erfiðara um vik að slíta tengsl við ofbeldismanninn. Samtök um kvennaathvarf tala um ofbeldi í nánnum samböndum sem kynbundið ofbeldi til að undirstrika þá staðreynd að ofbeldi af þessu tagi er í yfirgnæfandi meirihluta tilfella ofbeldi karla gegn konum. Þar með er þó ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að karlar verða líka fyrir ofbeldi í nánnum samböndum.

Samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á ofbeldi karla gegn konum merkir það hvers konar ofbeldisverknað sem á rætur í kynferði og veldur konum líkamlegum, kynferðislegum og/eða sálrænum skaða eða þjáningum eða gæti gert það. Hugtækið nær einnig yfir hótanir um slíkan verknað svo og gerræðislega þvingun eða frelsissviptingu, hvort sem er á opinberum vettvangi eða í einkalífinu. Ofbeldi karla gegn konum felur því í sér ofbeldi sem kona verður fyrir af því að hún er kona eða ofbeldi sem í yfirgnæfandi meirihluta tilfella beinist að konum.

Kynbundið ofbeldi er stærsta heilsufarsvandamál kvenna í heiminum og á rætur að rekja til félagslegra yfirráða karla á flestum sviðum samfélagsins og þess hversu samtvinnað valdinu kyngjerfi karla er. Ofbeldi karla gegn konum er versta birtingamynd kynjamisréttis og baráttan gegn því er því óhjákvæmilegur hluti af jafnréttisbaráttunni í heild sinni.

Markmið Samtaka um kvennaathvarf er að reka athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar

dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs, líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis og fyrir konur sem hefur verið nauðgað. Einnig að veita ráðgjöf og upplýsingar, efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi meðal annars til að auka skilning í samfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess og stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði brotþola.

Boðað var til stofnfundar Samtaka um kvennaathvarf 2. júní 1982 þar sem ákveðið var að opna athvarf fyrir konur sem ekki gætu búið heima hjá sér vegna ofbeldis og 6. desember sama ár opnaði Kvennaathvarfið.

Fimm konur sitja í stjórn Samtaka um kvennaathvarf og tvær til vara. Þær eru kjörnar á aðalfundi samtakanna sem haldinn er í maí ár hvert. Þar eru einnig samþykktar grundvallarbreytingar á starfsemi Samtaka um kvennaathvarf. Stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega en oftast ef þörf er á. Þar hittast stjórn og framkvæmdateymi og bera saman bækur sínar en stjórnin ber ábyrgð á starfseminni í heild, tekur allar helstu ákvarðanir og leggur drög að starfi framkvæmdateymis. Í framkvæmdateymi sitja framkvæmdastýra og rekstrarstýra og bera þær ábyrgð á daglegum rekstri síns starfssviðs en vaktstýra annast daglega umsýslu í athvarfinu sjálfu. Að auki standa fimm starfskonur vaktina í Kvennaathvarfinu, sinna ráðgjöf og stuðningi við konur og börn og halda athvarfinu opnu allan sólarhringinn, árið um kring. Samtök um kvennaathvarf voru í upphafi grasrótarsamtök en árið 1995 var horfið frá því fyrirkomulagi og mynduð formleg samtök. Árið 2010 var stofnuð sjálfseignarstofnun um húseign Kvennaathvarfsins en rekstur athvarfsins helst óbreyttur.

Kvennaathvarfið býður brotapolum ferns konar þjónustu

- Dvöl fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis og dvöl fyrir konur sem hefur verið nauðgað.
- Ráðgjöf og stuðningsviðtöl þar sem konur sem búa eða hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum geta fengið stuðning og ráðgjöf án þess að til dvalar komi. Æskilegt er að hringja áður í síma 5611205 og panta tíma.
- Símaráðgjöf þar sem konur geta fengið stuðning og ráðgjöf allan sólarhringinn. Einnig aðstandendur, fagaðilar og aðrir sem þurfa á upplýsingum um kynbundið ofbeldi að halda.
- Sjálfshjálparhópar þar sem konur sem hafa verið beittar ofbeldi styrkja sig í félagi við aðrar konur. Nauðsynlegt er að koma í stuðningsviðtal áður.
- Einnig býður Kvennaathvarfið upp á fræðslu og upplýsingar um ofbeldi í nánnum samböndum, svo sem til skóla, vinnustaða og félagasamtaka.

Oftast er einhver fyrirvari á komu kvenna og barna í Kvennaathvarfið. Lagður er metnaður í að taka vel á móti þeim og gefa þeim góðan tíma svo stuðningur athvarfsins nýtist sem best. Eftir fremsta megni er reynt að koma til móts við allar konur sem eru þolendur ofbeldis. Þó er, í einstaka tilfellum, ekki hægt að taka á móti konum í dvöl vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu eða ef andlegt eða líkamlegt ástand þeirra er þannig að stuðningurinn sem athvarfið býður upp á er ekki nægjanlegur eða viðeigandi miðað við þarfir þeirra. Konum er bent á önnur úrræði séu þau talin henta betur. Heimilisfangi Kvennaathvarfsins er haldið leyndu því þar eiga konur að finna öryggi og skjól.

Lífið í athvarfinu

Í athvarfinu ríkir algjör trúnaður um það sem fer á milli starfskvenna og dvalarkvenna. Unnið er samkvæmt þeirri hugmyndafræði að konan er sérfræðingur í sínum málum og að hún þurfi aðeins tímabundna aðstoð til að takast á við aðstæður sínar og byggja upp líf án ofbeldis. Konum eru veitt stuðningsviðtöl á meðan á dvöl stendur og oft fá þær mikið út úr samskiptum við konur með svipaða reynslu. Konur fá fræðslu um ofbeldi og afleiðingar þess og ráðgjöf um sjálfsstyrkingu. Konurnar bera ábyrgð á börnum sínum en starfskonur og sjálfboðaliðar athvarfsins sinna þeim líka ef þörf krefur.

Starfskonur og dvalarkonur skipta með sér húsverkum. Fundir eru haldnir vikulega þar sem farið er yfir samskiptin í húsinu og líðan kvenna. Reglur gilda um háttatíma barna og reynt er eftir fremsta megni að skapa öryggi og festu í starfinu svo dvölin verði árangursrík og sambúð kvenna og barna sem þægilegust. Kvennaathvarfið er fallett og heimilislegt hús þar sem allir leggja sitt af mörkum til að vel gangi og reynt er að líkja eftir venjulegu heimilislífi.

Konur eru hvattar til að gefa sér tíma í athvarfinu til að ná áttum, hvílast og styrkjast. Þær fá aðstoð við að komast í samband við rétta aðila svo sem lögreglu, félagsþjónustu, lögfræðing og aðra fagaðila. Snyrtifræðingur veitir þjónustu með reglulegu millibili og aðrir sjálfboðaliðar sinna börnunum í athvarfinu; fara með þau í ýmsar skemmtiferðir og aðstoða við heimanám.

Eftir að dvöl lýkur geta konur áfram komið í stuðningsviðtöl eða tekið þátt í sjálfshjálparhópum til að styrkja sig enn frekar.


KOMUR Í KVENNAATHVARFIÐ 2006-2014

	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Komur samtals	706	708	739	653	864	605	549	469	712
Viðtöl	606	583	626	546	746	487	419	368	613
Dvöl	100	125	113	107	118	118	130	101	99
Dvalarkonur án barna	51	61	56	62	79	74	81	55	58
Dvalarkonur með börn	49	64	57	45	39	44	49	46	41
Fjöldi barna	84	97	87	67	54	60	77	68	57

Árið 2014 voru skráðar 100 komur í dvöl í Kvennaathvarfinu og 606 í viðtöl, alls 706 komur. Margar konur koma oft en einu sinni, einkum þær sem koma í viðtöl en í heildina leituðu 388 konur í athvarfið á árinu auk 84 barna sem komu til dvalar með mæðrum sínum. Hér eru ótalin viðtöl sem tekin eru við dvalarkonur en hver þeirra fær að lágmarki vikulegt viðtal. Neyðarsími Kvennaathvarfsins er opinn allan sólarhringinn, allan ársins hring og þar er veitt ráðgjöf og stuðningur. Þangað hringja til dæmis, auk kvenna sem eru eða hafa verið beittar ofbeldi, karlar sem eru beittir ofbeldi, aðstandendur brotaþola og fagfólk.


Aðsókn í Kvennaathvarfið segir ekki til um umfang ofbeldis í nánum samböndum hér á landi því ljóst er að einungis lítill hluti brotaþola

leitar í Kvennaathvarfið á ári hverju. Breytingar á aðsókn segja frekar til um það hvort konur þekki þjónustuna sem athvarfið býður upp á og séu tilbúnar til að nýta sér hana. Í árslok 2010 voru kynntar niðurstöður rannsóknar á ofbeldi gegn konum sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2008. Af þeim rúmlega 2.000 konum á aldrinum 18-80 ára sem tóku þátt í rannsókninni sögðust rúmlega 22% hafa verið beittar líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi í nánu sambandi frá 16 ára aldri. Milli 1 og 2% kvenna höfðu verið beittar líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka á undangengnum 12 mánuðum. Það jafngildir á bilinu 1200 til 2300 konum.



Á árinu 2014 dvöldu 100 konur og 84 börn í Kvennaathvarfinu í allt frá einum degi og upp í 122 daga. Meðaldvöl kvenna varði í 15 daga en það er 2 dögum styttri meðaldvöl en árið á undan. Að jafnaði dvelja konur með börn lengur en barnlausar konur og konur af erlendum

uppruna lengur en íslenskar konur. Börn dvöldu í athvarfinu í að meðaltali 19 daga. Að meðaltali dvöldu 4 konur og 4 börn í athvarfinu á degi hverjum en fjöldi dreifðist mjög misjafnlega yfir árið.



Árið 2014 komu 84 börn til dvalar með mæðrum sínum í Kvennaathvarfinu, 49 strákar og 35 stelpur. Yngstu börnin komu í athvarfið beint


af fæðingadeildinni, nokkurra daga gömul en þau elstu voru 16 ára. Nærri 60% barnanna voru yngri en 6 ára.

YFIRLIT 1983 - 2014

Taflan sýnir yfirlit yfir starfsemi Kvennaathvarfsins frá 1. janúar 1983 og til ársloka 2014. Munurinn á fjölda koma og fjölda dvalarkvenna frá 1988 stafar af því að síðan þá hefur konum sem ekki dvelja í athvarfinu verið boðið upp á viðtöl.


	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Komur	151	178	147	135	114	154	152	179	217	372	375	395	283	368	395	400
1. sinn %	78%		55%	58%	59%	49%	60%	55%	62%	34%	47%	50%	39%	28%	33%	28%
Áverkar %	39%		42%	27%	17%	23%	26%	26%	26%	22%	22%	21%	18%	13%	15%	16%
Íbúar																
Konur	151	178	147	135	114	111	90	92	92	148	152	168	136	111	118	114
Börn	108	137	106	143	107	106	90	90	116	150	181	184	131	115	113	96
Samtals	259	315	253	278	221	217	180	182	208	298	333	352	264	226	231	212
Dvalardagar																
Konur	1222	2048	1580	1865	1037	1240	968	983	1631	2334	2726	3043	1771	2219	1764	1932
Börn	1335	2272	1495	2851	1735	1136	920	1234	3251	3277	2726	4370	2455	2219	1907	2254
Samtals	2557	4320	3075	4716	2772	2376	1888	2217	4882	5611	6387	7413	4226	5402	3671	4186
Meðaltíð/dagar																
Konur	8	11	11	14	9	11	11	11	18	16	18	18	13	20	15	17
Börn	12	17	14	20	16	11	10	14	28	22	20	24	19	28	17	23
Konur á dag	3	6	4	5	3	3	3	3	5	6	8	8	5	6	5	5
Börn á dag	4	6	4	8	5	3	3	3	9	9	10	12	6	9	5	6
Íbúar á dag	7	12	8	13	8	6	6	6	14	15	18	20	11	15	10	11

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Konur	298	347	503	435	388	531	557	712	470	549	605	864	671	739	708	706
1. sinn %	45%	42%	33%	44%	42%	33%	34%	45%	48%	61%	56%	54%	50%	56%	48%	42%
Áverkar %	14%	18%	12%	13%	16%	34%	20%	23%	27%	24%	20%	26%	17%	18%	21%	20%
Íbúar																
Konur	117	95	97	55	73	88	92	99	101	130	118	118	107	113	125	100
Börn	80	61	74	41	59	55	76	58	66	77	60	54	67	87	97	84
Samtals	197	156	171	96	132	143	166	157	176	207	178	172	174	200	222	184
Dvalardagar																
Konur	1265	950	848	435	819	1040	1313	1345	1563	2190	1346	1601	1599	2186	2128	1489
Börn	1314	946	613	306	682	528	1227	1118	918	1334	563	992	1337	2071	1989	1632
Samtals	2579	1896	1461	741	1501	1568	2540	2463	2481	3524	1909	2593	2936	4257	4117	3121
Meðaltvöl/ dagar																
Konur	11	10	9	8	11	12	14	14	16	17	11	14	15	20	17	15
Börn	8	16	8	7	12	10	16	20	14	18	10	18	23	24	21	19
Konur á dag	4	3	2	1	2	3	4	4	4	6	4	5	4	6	6	4
Börn á dag	4	3	2	1	2	1	3	3	3	4	2	3	4	6	5	4
Íbúar á dag	8	6	4	2	4	4	7	7	7	10	6	8	8	12	11	8




Við komu í Kvennaathvarfið eru konur spurðar um ástæðu þess að þær leita þangað. Langflestar nefna fleiri en eina ástæðu, þær sem nefna líkamlegt ofbeldi nefna til dæmis nánast alltaf andlegt ofbeldi líka enda er andlegt ofbeldi óhjákvæmilegur fylgifiskur líkamslegs ofbeldis. Við fyrstu komu í Kvennaathvarfið eru konur spurðar að því hvað hafi ráðið því að þær komu einmitt þann dag sem þær komu.

Flestar segjast hafa komið í kjölfar einstakra ofbeldistilfella en þó ekki endilega fyrsta tilfellis eða þess grófasta, aðrar segjast hafa komið í leit að ákveðnum upplýsingum sem þær vantaði einmitt á þeim tíma, hafa komið fyrir hvatningu einhvers eða vegna umfjöllunar í fjölmiðlum. Þó segja reyna flestar að þegar þær komu hafi mælirinn einfaldlega verið fullur eða eins og ein orðaði það „ég gat bara ekki meira“.



Í rannsókn sem Elva Dögg Ásu og Kristinsdóttir gerði á gögnum Kvænnaathvarfsins frá árunum 2001-2008 kom í ljós að á þessu tímabili var rúmlega helmingur ofbeldismannanna þáverandi eiginmenn, sambýlismenn eða kærastar brotþola en þriðjungur fyrrum eiginmenn, sambýlismenn eða kærastar.

Einnig kom í ljós að ofbeldismennirnir voru þversnið þjóðarinnar hvað varðar menntun og stöðu á vinnumarkaði. Margar konur búa við ofbeldi, ótta og öryggisleysi eftir að hafa slitið sambandi við ofbeldismann og raunar tekur ofbeldið oft á sig grófari myndir eftir að kona hefur gert alvöru úr því fara frá ofbeldismanninum.



Árið 2014 komu í Kvænnaathvarfið 388 konur á aldrinum 17-81 árs. Meðalaldur var 36 ár.

Stúlkur sem ekki eru orðnar 18 ára koma stöku sinnum í viðtöl með samþykki forráðamanna og eru þá skráðar sem konur í viðtalsskýrslum en til dvalar koma þær eingöngu

með mæðrum sínum og eru þá skráðar inn sem börn.

Ofbeldismennirnir voru á aldrinum 18-84 ára á þeim tíma sem konurnar komu í athvarfið. Meðalaldur þeirra var 41 ár, 5 árum hærri en meðalaldur kvennanna.

ÞJÓÐERNI OFBELDISMANNA 2011 - 2014

	2014	2013	2012	2011
Ísland	78%	85%	80%	81%
Evrópa	13%	8%	13%	13%
Afríka	2%	4%	1%	1%
Ameríka	2%	1%	2%	3%
Asía	5%	2%	4%	2%

Ofbeldismennirnir koma frá 32 löndum, 78% eru Íslendingar en ofbeldismenn af erlendum uppruna eru í flestum tilfellum samlandar brotþola.


ÞJÓÐERNI DVALARKVENNA 2009 - 2014


	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Ísland	68%	68%	66%	69%	68%	75%
Evrópa	14%	16%	17%	21%	18%	13%
Afríka	3%	5%	5%	4%	3%	4%
Ameríka	6%	4%	5%	2%	4%	4%
Asía	9%	7%	7%	4%	7%	4%

Árið 2014 komu konur frá 35 löndum í Kvennaathvarfið. Hlutfall erlendra kvenna er hærra í Kvennaathvarfinu en úti í samfélaginu og má að öllum líkindum rekja það til þess að erlendar konur eiga síður en íslenskar konur tengslanet fjölskyldu og vina og eiga því í færri hús að venda séu þær beittar ofbeldi á heimilum sínum. Hátt hlutfall kvenna af erlendum uppruna gefur því ekki endilega vísbendingu um það að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi í nánum samböndum. Samkvæmt rannsókn Hildar Guðmundsdóttur vaktstýru Kvennaathvarfsins

á aðstæðum kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið er mikill munur á upplifun og aðstæðum kvenna eftir landfræðilegum uppruna vegna reglugerðar um frjálst flæði vinnuafis innan EES. Staða þeirra sem koma frá löndum innan EES er að sumu leyti heldur auðveldari en hinna sem stundum eru háðar maka varðandi íslenskt atvinnuleyfi. Árið 201 voru 68% kvenna sem notuðu þjónustu Kvennaathvarfsins íslenskar, 11% koma frá öðrum löndum innan EES og 21% frá löndum utan EES.


HLUTFALL ERLENDRA KVENNA Í DVÖL OG VIÐTÖLUM






Þegar spurt er um líðan kvenna við komu í Kvennaathvarfið kemur í ljós að mikill meirihluti þeirra hefur þjáðst af margskonar andlegum og líkamlegum kvillum vikurnar á undan. Einnig kom í ljós að nær helmingur hefur greinst með langvarandi sjúkdóm síðan ofbeldið hófst, flestar með þunglyndi eða gigt af einhverju

tagi. Við komu í athvarfið voru 20% með líkamlega áverka en 65% höfðu einhvern tíma hlotið líkamlega áverka í sambandinu. Flestar voru með mar, bólgur og skrámur en aðrar t.d. brunasár eða beinbrot. Margar segja andlegar afleiðingar ofbeldisins enn sársukafyllri og meira langvarandi en þær líkamlegu.





Það kemur fram í komuskýrslum að 14% kvennanna höfðu kært ofbeldið til lögreglu. Nokkrar til viðbótar kærðu ofbeldið á meðan þær dvöldu í Kvennaathvarfinu eða í framhaldi af komu þangað en upp úr stendur að minnihluti brotþola kærir ofbeldið. Það kemur heim og saman við niðurstöður rannsóknar sem velferðarráðuneytið lét gera á líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gegn konum en þar sögðust 13% kvenna sem beittar höfðu verið ofbeldi hafa kært síðasta ofbeldistilfelli til lögreglu. Í rannsókninni voru konur jafnframt spurðar um ástæður þess að þær höfðu ekki kært og nefndu flestar að þeim hafi ekki þótt ofbeldið nógu alvarlegt. Konurnar sem koma í Kvennaathvarfið nefna gjarnan sömu ástæðu; telja ofbeldið ekki hafa verið nógu alvarlegt


eða að þær hafi átt einhvern þátt í því. Aðrar segja það erfiða ákvörðun að leggja fram kæru á hendur einhverjum svo nákomnum auk þess sem þær eru oft dauðhræddar við ofbeldismennina og óttast að ofbeldið muni aukast í kjölfar þess að þær leggi fram kæru. Fjöldi dóma yfir ofbeldismönnum hvetja konur heldur ekki til að sækja rétt sinn. Starfskonur Kvennaathvarfsins þrýsta ekki á konur að kæra en veita ráðgjöf varðandi kæruférlíð og hjálpa konum til að sjá alvarleika ofbeldisins. Einnig fá konur aðstoð við að komast í samband við lögregluna óski þær þess og margar hitta lögreglukonu sem er tengiliður Kvennaathvarfsins við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

BÚSETA KVENNA

	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Reykjavík	51%	55%	53%	55%	52%	57%	53%
Höfuðborgarsvæðið	26%	26%	26%	20%	24%	22%	24%
Suðurnes	7%	7%	6%	6%	7%	6%	7%
Vesturland	4%	1%	3%	4%	3%	3%	3%
Norðurland	2%	1%	3%	5%	3%	4%	2%
Austurland	0%	2%	0%	0%	1%	1%	1%
Suðurland	5%	4%	2%	3%	4%	3%	5%
Erlendis	3%	2%	3%	3%	3%	1%	1%
Ekki vitað	2%	2%	5%	4%	3%	3%	4%

Kvennaathvarfið er eina athvarfið sinnar tegundar á Íslandi og þjónar því landinu öllu. Konur utan af landi fá gjarnan aðstoð frá félagsþjónustunni í sínu sveitarfélagi til að komast í Kvennaathvarfið en þó er ljóst að

erfiðara er fyrir konur fjarri höfuðborgarsvæðinu að nýta sér þjónustu athvarfsins. Konum sem ekki hafa tök á því að koma í viðtöl eru boðin símaviðtöl og einnig leita konur í vaxandi mæli eftir ráðgjöf í gegn um tölvupóst.



Starfskonur Kvennaathvarfsins setja sig alla jafna ekki í samband við konur eftir að dvöl lýkur en konurnar eru hvattar til að hafa samband sjálfar hafi þær þörf fyrir það. Af þessum sökum

er tilviljanakennt hversu mikið vitað er um stöðu kvenna sem lokið hafa dvöl í athvarfinu. Tilkynnt er til barnaverndar fari konur með börn aftur heim á ofbeldisheimili.

Barnastarf

Reynt er að auðvelda börnum komu og dvöl í Kvennaathvarfinu enda eru þau ekki síður í kreppu en mæðurnar. Þau upplifa oft tilfinningar eins og ótta, varnarleysi, einangrun, sjálfsásökun, skömm og ótímabæra ábyrgð. Stefnt er að því að barnið eigi góðar stundir í athvarfinu og leggja þar margir hönd á plóg. Við Kvennaathvarfið starfar góður hópur sjálfboðaliða sem sinna barnastarfi í athvarfinu. Barnastarfið er skipulagt út frá aðstæðum hverju sinni og miðar að því að börnin fái tilbreytingu og skemmtilegar upplifanir.

Sjálfboðaliðarnir velja afþreyingu í samræmi við aldur barnanna, ef aðstæður leyfa er farið út, til dæmis í Húsdýragarðinn, í keilu eða sund auk þess sem leikhúsin í borginni hafa verið iðin við að bjóða á sýningar. Ef aðstæður bjóða ekki upp á útveru er aðstaða innan húss til að vera með börnin í ýmsum verkefnum svo sem að leika, mála eða spila. Starf sjálfboðaliðanna er mikilvægur þáttur í starfsemi Kvennaathvarfsins og til þess fallið að auka lífsgæði barnanna sem þar dvelja. Einnig miðar barnastarfið að því að mæðurnar í athvarfinu fái tíma fyrir sig sjálfar og að því að skapa ró í húsinu um stund.

Starfskonur hafa leitað leiða til að auka þjónustu við börn með þeim árangri að líðan barnanna og aðstæðum er nú í auknum mæli gefin gaumur. Í ársbyrjun 2014 var undirritaður samningur við Barnahús um að starfsfólk Barnahúss sinni þjónustu við börn sem



náð hafa sex ár aldri. Þetta gengur þannig fyrir sig að starfskonur Kvennaathvarfsins láta vita í Barnahús sé óskað eftir þjónustu þaðan, starfskona Barnahúss kemur þá og hittir móður og barn og metur þörf barnsins fyrir frekari þjónustu. Meðferð er svo veitt í samráði við barnavernd sé talin þörf fyrir hana. Einnig hefur verið gerður samingur við Raket Rán Sigurbjörnsdóttur fjölskylduráðgjafa um að sinna yngri börnunum í húsinu og mæðrum þeirra. Auk þess að bjóða upp á þjónustu Barnahúss og fjölskylduráðgjafa hafa starfskonur athvarfsins bætt eigin þjónustu við börn; þau fá nú sérstök viðtöl við starfskonur, skrifaðar hafa verið húsreglur fyrir krakka og útbúið tómsundaherbergi fyrir eldri börnin en áður hafð áherslan einkum verið á afþreyingu fyrir ung börn. Þjónusta við börn er veitt að höfðu samráði við móður.

Eitt af markmiðum Samtaka um kvennaathvarf er að efla fræðslu og umræðu um ofbeldi í nánnum samböndum og stuðla að auknum skilningi á eðli og afleiðingum þess. Það er starfskonum Kvennaathvarfsins því bæði ljúft og skylt að verða við beiðnum um fræðslu um kynbundið ofbeldi og starfsemi athvarfsins. Á síðasta ári var rætt við nemendur fjölmargra framhaldsskóla og háskóla auk árlegrar heimsóknar í Lögregluskólann. Ýmist fór fræðslu- og framkvæmdastýra samtakanna í skólana eða hópur nemenda kom í athvarfið. Einnig sótti athvarfið heim hjúkrunarfræðingar af Neyðarmóttöku, fulltrúar Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, kvenfélagskonur og Zontakonur úr Reykjavík auk hópa frá norskum, pólskum, lettneskum og rússneskum stofnunum og félagasamtökum. Framkvæmdastýra talaði í alþjóðlegum ungmennabúðum í Hlíðadalsskóla, á fundi kvenfélagsins Fiðlan og á málþingi Afslins á Akureyri. Jafnframt sat framkvæmdastýra fund í Vilnius með öðrum

samtökum í málaflokknum, ráðstefnu um mansal í Riga og hélt erindi á kvennaráðstefnu í Sankti Pétursborg.

Framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf situr í stjórn verkefnisins Karlar til ábyrgðar og í Jafnréttisráði þar sem samtökin deila sæti með Stígamótum. Einnig sat framkvæmdastýra í Sérfræðiteymi um heimilisofbeldi á vegum velferðarráðuneytisins, í Velferðarvaktinni, í samráðshóp um mótun fjölskyldustefnu, í stýrihóp verkefnisins Saman um ofbeldi og í ráðgjafahóp tilraunaverkefnisins Opinskátt um ofbeldi. Samtök um kvennaathvarf eiga fulltrúa í ýmsum óformlegum félagsskap svo sem undirbúningshópum vegna 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi og baráttufundar á alþjóða baráttudegi kvenna og í teymi um málefni fólks af erlendum uppruna. Líkt og fyrri ár voru samtökin umsagnaraðilar í skýrslu Bandaríska sendiráðsins um mannréttindi með áherslu á mál sem snerta mansal.



Heimsókn úr Versló.



Zontaklúbburinn Embla færði Kvennaathvarfinu styrk til kaupa á túlkajónustu.

Kvennaathvarfið leitast við að eiga gott samstarf við fjölmiðla og var nokkuð í fjölmiðlaumræðu á árinu, einkum í tengslum við umræðu um nálgunarbann og austurrísku leiðina svokölluðu og ástand á leigumarkaði sem getur stuðlað að því að konur fari aftur heim til ofbeldismannsins.

Innra starf athvarfsins var í brennidepli á síðasta ári, sjálfshjálparhópar voru endurskoðaðir með þeim árangri að nú þykja þeir henta konunum sem leita í athvarfið betur en áður. Unnið var að uppfærslu heimasíðu og fræðsluefnis athvarfsins og barnastaf skipulagt upp á nýtt. Gerður var samningur við Barnahús og fjölskylduráðgjafa um þjónustu við dvalarbörn auk þess sem aðkoma starfskvenna að börnunum í húsinu var aukin. Haldnir voru



fundir með fulltrúum Barnaverndarstofu, Barnahúss, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur og velferðarráðuneytis. Í árslok var undirritaður samningur milli Kvennaathvarfs og velferðarráðuneytis um hlutverk athvarfsins í málefnum fórnarlamba mansals.

Upplifun dvalar- og starfskvenna á þjónustu Kvennaathvarfsins

Haustið 2014 gerði ég rannsókn sem heitir Upplifun dvalar- og starfskvenna af þjónustu Kvennaathvarfsins. Leiðbeinandi minn var Anni G. Haugen. Þátttakendur í rannsókninni voru annars vegar fjórar dvalarkonur Kvennaathvarfsins og hins vegar þrjár starfskonur þess. Markmið rannsóknarinnar var í fyrsta lagi að skoða hvernig konur vita af Kvennaathvarfinu og eftir hverju þær leita þegar þær koma þangað. Í öðru lagi skoðaði ég hvernig konur meta dvölinu, þá þjónustu sem þær hljóta og hvort dvölin uppfylli væntingar þeirra. Að lokum skoðaði ég hvernig starfskonur upplifa þörf dvalarkvenna og þá þjónustu sem þær sjálfar veita í starfi sínu.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru eftirfarandi. Konur sem koma í Kvennaathvarfið leita aðallega eftir skjóli eða fríi frá þeim sem beitir þær ofbeldi eða áreitir þær. Væntingar kvennanna til athvarfsins eru litlar sem engar við komu þangað en allar voru konurnar ánægðar með þá þjónustu sem þær hlutu. Konur létu einnig vel af dvölinni í athvarfinu sjálfu og sögðust upplifa mikinn sveigjanleika

frá starfskonum varðandi til dæmis þrif og eldamennsku. Þá virtist það vera svo að ef konur væru gagngert að vinna í sínum málum, að skilja við ofbeldismanninn eða að leita sér að húsnæði, að þá sé þeim sýndur aukinn sveigjanleiki hvað varðar dvalarlengd sem miðað var við að værum fjórar vikur þegar rannsókn þessi var gerð. Viðtölin sem boðið er upp á í Kvennaathvarfinu nýttu konur sér á ýmsan hátt, til dæmis til að létta á sér og tala um hluti sem þær eru að upplifa og til að halda sér við, það er að segja til að fara í „afruglun“ eins og ein dvalarkona orðaði það.

Þegar öllu er á botninn hvolft eru bæði dvalar- og starfskonur Kvennaathvarfsins á heildina litið sáttar með þá þjónustu sem athvarfið veitir. Reynt er að koma til móts við dvalarkonur eins og hægt er, dvalarkonur virðast sækja mikinn styrk til starfskvenna og þykir gott að vita af því að þær geti leitað til þeirra eftir að dvöl lýkur.

Karitas Hrund Harðardóttir, MA nemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Hvert á ég nú að fara? Staða kvenna sem ílengjast í Kvennaathvarfinu

Kvennaathvarfið er neyðarathvarf og miðað er við að dvöl vari ekki lengur en í fjórar til fimm vikur. Dæmi eru þó um að konur dvelji þar í mun lengri tíma. Í rannsókn minni leitaðist ég við að varpa ljósi á stöðu kvenna sem hafa dvalið lengur í Kvennaathvarfinu og átt erfitt með að öðlast sjálfstæði í kjölfarið.

Rannsóknargögn fengust úr komuskýrslum Kvennaathvarfsins frá árunum 2009- 2013 auk þess sem tekin voru viðtöl við fimm fyrrverandi dvalarkonur, starfskonu Kvennaathvarfsins og félagsráðgjafa á vettvangi. Markmið rannsóknarinnar var að sjá hversu stórt hlutfall kvenna dvaldi til lengri tíma í athvarfinu, hvaða þættir hafi áhrif á að konur eigi erfitt með að komast burt úr athvarfinu og öðlast sjálfstæði og sjá hvort þörf sé á frekari úrræðum fyrir þennan hóp kvenna og þá hvernig úrræðum.

Niðurstöður sýna að á árunum 2009-2013 dvöldu alls 89 konur í Kvennaathvarfnum í lengri tíma eða í allt að 213 daga. Konur af erlendum uppruna voru í meirihluta og í flestum tilvikum voru þær giftar geranda. Flestar komust í öruggt húsnæði á endanum en þó fóru 13 konur aftur heim til geranda.

Í viðtölunum kom í ljós að þeir þættir sem höfðu hamlandi áhrif á konur voru andleg og líkamleg áhrif ofbeldisins, einkum lágt sjálfstraust, brotin sjálfsmynd og meðvirkni. Skortur á fjárhagslegu öryggi hafði mikil áhrif en allar höfðu konurnar komið nær allslausar út úr sínum samböndum. Einnig höfðu þær átt verulega erfitt með að verða sér úti um húsnæði en hátt leiguverð, krafa um tryggingu og langir biðlistar eftir félagslegu húsnæði vógu þungt. Dæmi voru um að konur veldu frekar að fara aftur heim til ofbeldismannsins þar sem þær áttu þó húsaskjól og nóg að borða frekar en líf á fátækramörkum. Þættir eins og skilningsleysi starfsmanna félagsþjónustunnar,

hjúskaparstaða og óöryggi og hræðsla við að standa á eigin fótum höfðu einnig haft sitt að segja.

Mjög greinilega kom í ljós skortur á frekari úrræðum þrátt fyrir að konurnar hafi allar verið virkilega ánægðar með þá þjónustu sem þær fengu í Kvennaathvarfinu. Sumar sögðu það hreinlega hafa bjargað lífi þeirra. Helst kom fram að skortur væri á frekari húsnæðisúrræðum þó einnig hefði verið minnst á skýrara verklag hjá félagsþjónustunni.

Viðmælendur voru kynntir fyrir millibilshúsnæði (e. transitional housing) sem er búsetuúrræði með stuðningi. Úrræðinu er ætlað að brúa bilið sem algengt er að myndist eftir að kona yfirgefur neyðarathvarf og þar til hún nær sjálfstæði og kemst í varanlegt húsnæði. Samkvæmt viðmælendum myndi millibilshúsnæðisúrræði mæta flestum þörfum kvenna sem eru að reyna að öðlast sjálfstæði eftir ofbeldissamband. Það myndi auðvelda konum ferlið til muna enda snúi þær hindranir sem konur standa frammi fyrir einna helst að húsnæðiserfiðleikum. Almennt voru viðmælendur sammála um að ef svona úrræði hefði verið til staðar þegar þær voru enn í sínum ofbeldissamböndum eða þegar þær voru enn í Kvennaathvarfinu hefðu þær farið fyrr, þær hefðu verið ólíklegri til að fara aftur heim og þeim hefði gengið betur að styrkja sig andlega og fjárhagslega. Með því að sjá til þess að konur fái tíma til að jafna sig í Kvennaathvarfinu án þess að þurfa að hafa áhyggjur af framhaldinu og veita þeim svo aðgang að öruggu húsnæði í kjölfarið mætti auðvelda konum að standa á eigin fótum og draga úr líkum á að konur gefist upp og fari aftur heim.

Thelma Björk Guðmundsdóttir

Lykiltölur úr ársreikningi 2014

Tölur úr ársreikningi fyrir 2013 eru birtar til samanburðar.

	2014	2013
Rekstrartekjur alls	83.863.687	67.317.194
Rekstrargjöld alls	69.985.372	69.497.548
Tekjuafgangur (tap) án vaxta	13.878.315	(2.180.354)
Fjármunatekjur	239.791	953.763
Óreglulegar tekjur	185.723	5.400.941
Tekjuafgangur (tap) ársins	14.303.829	4.174.350
Hrein eign í árslok:		
Samtök um kvennaathvarf	22.047.556	7.743.727
Sjálfseignarstofnunin	142.387.676	142.387.676
Samtals	164.435.232	150.131.403

Verulegur viðsnúningur varð á fjárhag Kvennaathvarfsins á síðasta ári og eins og fram kemur í ofangreindu yfirliti hefur tekjuafgangur án vaxta batnað um 16 milljónir króna milli ára. Batinn skýrist nær eingöngu af því að rekstrartekjurnar hafa hækkað því rekstrargjöldin voru nánast óbreytt fyrir sama tímabil. Hækkun rekstrartekna stafar af því að annars vegar hækkuðu rekstrarstyrkir frá hinu opinbera um 11 milljónir króna og hins vegar að gjafir til athvarfsins jukust um 5 milljónir króna.

Innifalið í auknum styrkjum hins opinbera er sérstakur styrkur til athvarfsins til að annast verkefni sem tengjast mansali og nam sá styrkur 2,4 milljónum króna og er einkum ætlaður til að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæði og efla öryggisgæslu. Meðal helstu gjafa til athvarfsins er gjöf sem Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri færði athvarfinu og var hann þar að láta verðlaun sem Yoko Ono, ekkja bítilsins John Lennon hafði veitt honum, renna til Kvennaathvarfsins. Nam upphæð þeirrar gjafar rúmum 6 milljónum króna.

Óreglulegar tekjur og fjármunatekjur lækkuðu samtals um 6 milljónir króna milli ára. Stafar sú lækkun aðallega af því að á árinu 2013 var átakið Allir með tölu í gangi og aðeins um 200 þúsund krónur áttu eftir að innheimtast af því 2014. Sömuleiðis barst lokagreiðsla vegna arfs eftir hjónin Þórð Guðnason og Ingu Ástu Eiríksdóttur árið 2013. Vaxtatekjur lækkuðu um 700 þús. krónur milli árána sem skýrist annars vegar af lægri meðalinnistæðu og hins vegar af lægra vaxtaþrepi en árið á undan.

Að lokum skal vakin athygli á styrkri efnahagsstöðu athvarfsins í heild, en hrein eign rekstrarins í árslok 2014 nam um 22 milljónum króna og hafði hækkað um 14 milljónir milljónir króna miðað við lok ársins á undan. Þá eru eignir Sjálfseignarstofnunarinnar samtals um 142 milljónir króna, sem svarar til kostnaðarverðs af húsi athvarfsins en skuldir hennar eru engar. Samtals nemur því hrein eign athvarfsins í heild um 164 milljónum króna í árslok 2014.

Ársreikningur

Gjafir

Í október 2014 var gerður samningur við Símsstöðina um söfnun styrktaraðila, þ.e. fólk mundi greiða mánaðarlega upphæð til athvarfsins. Þessi söfnun mun væntanlega standa yfir næstu mánuði og ár og hefur gengið vonum fram. Sú fjárhæð sem þannig safnaðist er færð undir þennan lið. Margir þeirra sem hringt er í vilja ekki gerast reglulegir styrktaraðilar en samþykkja að greiða eingreiðslu í formi gjafar til athvarfsins. Veruleg upphæð safnaðist með þessum hætti.

Margir færðu athvarfinu gjafir og eru þær stærstu tilgreindar sérstaklega hér.

Jón Gnarr/Yoko Ono	6.180.893
Barnavinafélagið Sumargjög	1.000.000
Zontaklúbburinn Embla	400.000
Sektor Legal	350.000
Rebakkustúkan Sigríður	300.000
Siðmennt	150.000
Styrktaraðilar og aðrar gjafir	1.596.790
Samtals:	9.977.683

Rekstrarstyrkir

	2014	2013
Ríkissjóður	58.500.004	47.500.000
Reykjavíkurborg	11.003.000	11.003.000
Akranesbær	250.000	250.000
Akureyri	130.000	0
Árborg	50.000	100.000
Fjarðarbyggð	75.000	75.000
Garðabær	400.000	400.000
Hafnarfjörður	700.000	450.000
Hveragerði	120.000	120.000
Höfn í Hornafirði	0	130.000
Kópavogur	840.000	800.000
Kristnisjóður	250.000	300.000
Mosfellsbær	50.000	60.000
Rangárþing Eystra	100.000	100.000
Seltjarnarnes	50.000	0
Seyðisfjörður	25.000	0
Skagafjörður	0	75.000
Samtals	72.793.004	61.363.000
Rekstrargjöld samtals	69.985.000	69.497.548
Hlutfall af rekstrargjöldum	104%	88%